



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. september 2020

USK2020020038

5.4; 5.20

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gönguþveranir yfir Hringbraut (US200041).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið, í samstarfi við Vegagerðina, vinni tillögur að öruggum gönguþverunum yfir Hringbraut. Slysátíðni er mikil á Hringbraut og fjöldi barna þverar götuna daglega á leið til skóla, íþróttu og tómstunda. Gera þarf viðeigandi breytingar á umhverfi Hringbrautar svo tryggt verði raunverulegt öryggi með réttum staðsetningum, götugögnum og búnaði. Skapa þarf öryggistilfinningu og jákvæða hegðun þar sem notendur lesa umhverfið og hættur rétt og bera virðingu hver fyrir öðrum. Tillögurnar verði unnar með hliðsjón af skýrslu um umferðaröryggi í Vesturbæ (febrúar 2016), og að höfðu samráði við íbúaráð og íbúasamtök Vesturbæjar.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 10. júní sl.

Umsögn:

Reykjavíkurborg á í virku samstarfi við Vegagerðina á sviði umferðaröryggis. Fyrir liggja tillögur um bætt öryggi á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu sem eiga að koma til framkvæmda 2021. Frekari greiningarvinna um öryggi við Hringbraut er þegar á áætlun hjá Vegagerðinni.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillagan verði samþykkt.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri